

## 1.Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin samþykkt

## 2.Fréttir af skrifstofu

Jens hefur umræður um sólarhringsaðgang að byggingum.

Gabríella útskýrir rök öryggisnefndar HÍ gegn sólarhringsaðgangi. Það eru fyrst og fremst öryggisástæður sem standa í vegi fyrir því að hægt sé að hafa aðgang að skólanum allan sólarhringinn og kostnaðarsamt að vera með vaktmenn.

Gabríella útskýrir að könnun á því hve margir nýta sér aðganginn á næturnar hafi verið gölluð og þurfi að endurtaka slíka skoðanakönnun.

Næstu skref eru að fara með þetta á fund háskólaráðs og/eða rektors þar sem SHÍ telur sig standa vel að vígi málefnanlega.

Ef allt fer á versta veg þá þarf aðgangurinn að minnsta kosti að vera til 02:00 í prófatíð.

Jens segir frá nýjum ráðningum á skrifstofu. Eva Björk Óladóttir var ráðin sem framkvæmdarstjóri SHÍ, einnig hefur verið ráðið í stöður jafnréttisfulltrúa, fjölskyldufulltrúa og alþjóðafulltrúa.

Edda Hermannsdóttir spyr hversu virkur fjölskyldufulltrúinn hafi verið. Bergþóra Ben útskýrir að hann hafi ekki verið nógu virkur hingað til. Almenn umræða hefst um að það þurfi að bæta.

Gabríella kynnir hugmyndir um að færa stúdentaráð nær stúdentum t.d. með því að gefa út fréttabréf og undirbúa borðasetu.

Jens segir frá því að hann hafi farið á fund Árna Páls (félagsmálaráðherra) og þeir hafi t.d. rætt um húsaleigu. Þar fóru fram umræður um að hækka húsaleigubætur fyrir nemendur og koma á einhverskonar styrk.

Bergþóra kemur með tillögu um að hafa regluleg fréttabréf frá skrifstofu til SHÍ einu sinni í viku til að miðla upplýsingum til stúdentaráðs.

## 3.Student.is

Gabríella segir frá “bloggmöguleikum” fyrir stúdentaráðsliða á student.is

## 4.Sumarannir

Jens segir frá málþingi sem haldið verður af Mentor og Ólafíu með yfirskriftinni “eiga stúdentar að lifa á loftinu”. Málþingið verður í Öskju kl. 13:15 og mun fjalla um sumarannir.

Á fundinum sem Jens fór á með Árna Páli þá kom fram að í versta falli gætu stúdentar tekið próf í ágúst en engin raunveruleg kennsla yrði yfir sumarið, prófin yrðu lánshæf.

Árni tilkynnti Jens jafnframt að í sumar verður hrint af stað sérstöku átaksverkefni sveitarfélaganna sem hefur það í för með sér að enginn stúdent, sem sækir um vinnu, á að vera atvinnulaus í sumar. Í verkefninu felst aukið fjármagn til sveitarfélaganna sem nýta það til að útvega sínum íbúum vinnu.

Árni Páll tók það einnig fram að stúdentar ættu rétt á félagslegum bótum í sumar ef þeir hafa enga aðra framfærslu.

Jens fór einnig á fund rektors og hann er búin að gera kostnaðaráætlun fyrir sumarannir þannig nú er málið í raun í höndum menntamálaráðherra sem þarf að taka ákvörðun um málið.

Bergþóra Ben telur að það sé mikilvægt að vera tilbúin með viðbrögð frá stúdentaráði eftir að niðurstaða menntamálaráðherra liggur fyrir, sem verður líklega næstkomandi föstudag.

Almenn umræða fer fram um sumarannir - hvað betur megi fara o.fl.

## 5.Skipan í samgöngu- og umhverfishóp

Skipað er í umhverfishóp og samgönguhóp.

Í umhverfishóp eru skipaðir:

Guðrún Sóley Gestsdóttir (Vaka)  
Stefanía Lind Stefánsdóttir (Vaka)  
Sigurlín Björg Atladóttir (Röskva)  
Íris Cochran (Röskva)  
Vilhjálmur Ólafsson (Skrökva)

Í samgönguhóp eru skipaðir:

Elínborg Árnadóttir Skorrdal (Vaka)  
Telma Ýr Óskarsdóttir (Vaka)  
Sigurbjörg Elín Hólmarsdóttir (Röskva)  
Linda Karlsdóttir (Röskva)  
Gunnar Hörður Garðarsson (Skrökva)

## 6.Sameiginleg stefnuskrá

Jens leggur til að við byrjum á að ræða um þá liði í stefnuskránni sem gætu mögulega verið erfitt að móta sér sameiginlega stefnu um.

Jens talar um að það sé togstreita milli Röskvu og Vöku um það hvað felist í kynjajafnrétti.

Hann segir að í stefnuskrá setji maður hluti sem maður vilji framfylgja og að það sé óumdeilt að Vaka sé ekki fylgjandi kynjakvóta en Röskva fylgjandi þeim. Þessi sameiginlega stefnuskrá sé því ekki grundvöllur fyrir stefnu um kynjakvóta.

Bergþóra Ben segir að það sé ekki málemiðlun að sleppa því að taka jafnréttismál fyrir og að Röskva sætti sig ekki við að það sé ekkert minnst á þau í stefnuskrá SHÍ, hún endar á að segja að ef við sleppum því að móta okkur stefnu í jafnréttismálum þá séum við að fara leið Vöku.

Viktor spyr á hvaða vettvangi Jens vilji þá taka upp þetta viðkvæma mál annars staðar en í stefnuskrá.

Jens segir að það væri hægt að taka þetta upp á almennum fundi Stúdentaráðs og sjá hvert það leiði okkur.

Lilja segir að Vaka sé mögulega kosin í einhverjum tilvikum vegna þess að hún sé ekki fylgjandi kynjakvótum, aftur á móti sé sjálfsagt að setja inn setningu um að það eigi ekki að mismuna fólki út frá kyni.

Bergþóra segir að það sé ekki nóg og að það sé mikilvægt að stúdentaráð móti sér stefnu um þetta og bendir á að fólk kjósi líka Röskvu vegna þess að hún sé fylgjandi kynjakvóta. Einnig viljum við ekki vera skrefi á eftir samfélaginu sem hefur tekið stór skref í átt að jafnrétti.

Viktor tekur til máls og segir að það viðeigandi að taka jafnrétti fyrir í stefnu SHÍ. Hann útskýrir að það sé ekkert óeðlilegt við að leitast eftir því að nefndir séu ekki einkynja.

Jens segir að það geti ekki orðið sameiginleg stefna stúdentaráðs að setja á kynjakvóta vegna þess að fylkingarnar séu ekki sammála um það.

Stefán Þór segir að í stefnuskránni eigi að vera mál sem allar fylkingar séu sammála um að vinna að.

Gabríella tekur fram að sú hugmynd sem er á borðinu núna sé að í stefnuskrá standi “það er æskilegt að nefndir séu ekki einkynja” og að allir í stúdentaráði séu sammála um að það sé æskilegt. Hún bendir jafnframt á að það sé einnig mikil málamiðlun fyrir Rös kvu.

Jens segir að mögulega sé hægt að líta til kynferðis við val á nefndarmönnum ef þeir teljast að öðru leiti vera nákvæmlega jafn hæfir.

Viktor telur að því yfirgrípsmeiri og öflugri sem stefnuskráin sé því betri sé hún og hvetur til þess að einhver málamiðlun verði farin og Stúdentaráð setji sér þ.a.l. stefnu í jafnréttismálum.

Guðrún Sóley tekur undir það að það sé mikilvægt að stúdentaráð móti sér einhverskonar stefnu í jafnréttismálum.

Viktor bendir á að það sé mikilvægt að stúdentaráð framfylgi þessari stefnuskrá þó að nokkrir séu ósáttir við einhver atriði í henni.

Niðurstaðan er sú að SHÍ leitast við að hafa ekki einkynja nefndir.

Jens tekur fram eftir umræður að Vaka sé ekki að viðurkenna stuðning við kynjakvóta á neinn hátt, jafnréttisbarátta kynjanna feli það einmitt í sér að ekki eigi að líta til kynferðis við val á einstaklingum í nefndir og hópa.

Samþykkt er að SHÍ taki fram í stefnuskrá sinni að stofnuð sé staða hagsmunafulltrúa fjarnema.

Gabríella útskýrir eitt atriði á stefnuskrá sem felur í sér að auka umræðu um jafnrétti innan HÍ. Þetta á einnig við í víðari skilningi t.d. með aðgengi fatlaðra að félagslífi nemendafélaga.

Edda Hermannsdóttir leggur til að eitthvað sé gert til þess að fjölskyldufólk fá aukinn aðgang að námsgögnum t.d. ef það kemst ekki í dæmatíma þá fái þeir samt lausnir á dæmum.

Fannar segir að krafa okkar sé fyrst og fremst að ekki sé ekki kennsla eftir kl. 17 svo allir komist í tíma.

Guðrún Sóley vill líka að tekið verður fram í stefnuskrá að auka opnunartíma á leikskólum á vegum FS.

Edda útskýrir að leikskólar FS starfi á mjög þröngum þjónustusamningi og lítið fjármagn með að við aðra leikskóla. Það þurfi semsagt líka að vera okkar krafa að leikskólar á vegum FS fái sama fjármagn og aðrir leikskólar.

Nokkrar ábendingar koma um aðrar breytingar á stefnuskrá þá er helst að geta umræða í kafla um hagsmunamál sem fellur að því hvort rétt sé að stúdentar reyni að láta skilgreina sig sem lágtekjuhóp eins og eldri borgara og öryrkja. Guðrún Sóley útskýrir þetta og Bergþóra svara að við þurfum að beina umræðunni í átt að stúdentum á Norðurlöndunum sem njóta þessarar skilgreiningar og fá því afslætti af opinberri þjónustu og þjónustu sveitafélaga.

Viktor tekur undir þetta og útskýrir að lágtekjufólk sé einfaldlega fólk sem á einhverja hluta erfitt með að afla sér tekna og stúdentar falli algjörlega undir það.

Stefán Þór veltir upp hugmyndum um hvað það nákvæmlega þýðir að vera lágtekjuhópur.

Jens spyr hvort að það sé nauðsynlegt að vera skilgreindir sem lágtekjuhópur í lögum hvort við eigum ekki bara að reyna að fá sömu réttindi og lágtekjuhópar án þess að vera skilgreindir þannig.

Sigurður Kári útskýrir að stúdentar séu stærsti lágtekjuhópur á Íslandi og við þurfum að halda þessari baráttu áfram á öllum vígstöðum og skapa umræðu um það í samfélaginu.

Viktor og Fannar taka undir þetta.

Björn Rafn ítrekar mikilvægi þess að þetta sé samt gert í gegnum hið opinbera líka svo að afslættir af t.d. heilbrigðisþjónustu verði að veruleika sem myndi gagnast fjölskyldufólki mjög vel.

Viktor kemur með hugmynd um að setningin í stefnuskránni verði: að stúdentar fái sambærileg kjör á við aðra lágtekjuhópa. Þetta er samþykkt.

Umræða um fjöldatakmörkanir:

Smávægilegar athugasemdir við orðalag í stefnuskrá. Því var vísað til stjórnar til nánari útfærslu. Sigurbjörg bendir á vandamál við ritlist og fornleifafræði þar sem bara er hleypt inn annað hvert ár.

Umræða um fjármál:

Sigurður Kári heldur tölu um mikilvægi þess að SHÍ fari að hefja opna umræðu um þetta strax, þannig við náum góðum samningum við LÍN.

Að lokum er stefnuskráin samþykkt einróma með fyrirvara um málfarsbreytingar.

## **7. Önnur mál**

Viktor Orri leggur til mannabreytingar í lagabreytinganefnd, að Vera Ósk taki við af Tinnu Rut. Þetta er samþykkt.